



Reykjanesbraut í Kópavogi

Hugmyndasamkeppni um útfærslu brautarinnar milli Skógarlindar og Arnarnesvegjar

Dags. 29. júlí 2021

Minnisblað – Upphaf verkefnis

Bæjarstjórn Kópavogs ákvað á fundi sínum þann 11. maí 2021 að efna til opinnar hugmyndasamkeppni um útfærslu Reykjanesbrautar milli Skógarlindar og Arnarnesvegjar í samstarfi við Arkitektafélag Íslands og Verkfræðingafélag Íslands.

Í upphafi verkefnisins er þörf á að vinna forsögn fyrir samkeppnina og önnur gögn sem samkeppnin á að grundvallast á.

Í forsögninni er skýrt frá meginmarkmiðum samkeppninnar og umfang hennar skilgreint, skipulagssvæðið sjálft ásamt áhrifasvæðum. Ef vilji er til að áhrif samkeppninnar nái til svæða umfram bæjarlands er æskilegt að samtal við lóðarhafa eigi sér stað áður en samkeppnin er auglýst.

Í forsögninni skal einnig skýra frá tilhögun samkeppninnar m.t.t. tímaáætlunar, keppnisgagna, samsetningu teyma og skila. Lagt er til að óskað verði eftir tillögum frá þverfaglegum teymum arkitekta, landslagsarkitekta og verkfræðinga.

Einnig skal gera grein fyrir dómnefnd í forsögninni og tilhögun verðlauna. Mikilvægt er að meirihluti dómnefndar séu fagmenn. A.m.k. einn af fulltrúum Kópavogsbæjar þarf því að vera menntaður arkitekt, landslagsarkitekt, skipulagsfræðingur eða verkfræðingur. Dómnefnd hefur alltaf kost á að kalla til sérfræðinga/ráðgjafa við sín störf.

Þá er lagt til að leitað verði ráðgjafar hjá VSÓ ráðgjöf og Arkitektafélagi Íslands við gerð forsagnarinnar ásamt samráði við Vegagerðina. Æskilegt væri að boða til fundar með aðilum frá SSH, Vegagerð, Arkitektafélagi Íslands og VSÓ ráðgjöf í undirbúningsvinnu samkeppninnar. Þegar hefur verið fundað með SSH og rætt óformlega við Vegagerðina.

Tillaga að verkefnisstjóra: Bergljót Sigríður Einarstóttir, arkitekt, verkefnisstjóri aðalskipulags á skipulagsdeild.

Drög að tímaáætlun fyrir verkefnið:

Undirbúningur, forsögn/samkeppnislýsing	4 vikur
Skil	6 vikur
Vinna dómnefndar	2-3 vikur
Niðurstöður	12-13 vikur

Virðingarfyllt,

Auður D. Kristinsdóttir



Kópavogsbær

UMHVERFISSVIÐ, SKIPULAGSDEILD

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026